

Alþingi
Erindi nr. P 136/373
komudagur 9.12.2008



**LANDSSAMBAND
ÍSLENSKRA
ÚTVEGSMANNA**

Borgartúni 35
105 Reykjavík
Sími: 591 0300
Fax: 591 0301
www.liu.is

Alþingi - Iðnaðarnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 9. desember 2008
Mál nr. 0812005

Efni: Umsögn um frumvarp til laga nm kolvetnisstarfsemi, 152. mál

Iðnaðarnefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Landsambands íslenskra útvegsmanna um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna kolvetnisstarfsemi.

Skipulag strand- og hafsvæða og hagnýting þeirra er umfangsmikið málefni. Lítil tími hefur verið gefin til umsagnar um þetta frumvarp varðandi kolvetnisstarfsemi. Samtökin óska því eftir að áður en lengra verður haldið að settur verði á laggirnar starfshópur sem skoði sérstaklega hvernig umrædd starfsemi hefur áhrif á hagsmuni sjávarútvegsins, en umrædd starfsemi getur haft umtalsverð bein og óbein áhrif á starfsemi sjávarútvegsfyrirtækja og nytjastofna.

Í þessu sambandi má sérstaklega benda á að það skiptir miklu máli að verkefnum Skipulagsstofnar sé ekki blandað saman við stjórn og skipulag fiskveiða.

Samtökin leggja áherslu á að við undirbúning og framkvæmd mögulegrar kolvetnisstarfsemi verði gætt að góðri umgengni um nytjastofna sjávar og lífríki hafsins. Jafnframt að stjórnslan viðhafi samráð og samvinnu við samtökin varðandi starfsemi á Drekasvæðinu og öðrum hafsvæðum sem koma mögulega til greina til nýtingar kolvetna. Í því skyni væri eðlilegt að tryggja samtökunum umsagnarrétt.

Virðingarfyllst,

Friðrik Friðriksson, hdl.